

## Ársþing Samtaka áhugafólks um skólaþróun 2016


Stóru málin í skólastofunni – hvers vegna, hvenær og hvernig?

Á ráðstefnunni var unnið í hópum og niðurstöður umræðna færðar á spjöld og miða. Þessum atriðum var haldið til haga:

### Hvers vegna á að taka stóru málin á dagskrá?

Af því þau koma okkur við. Stóru málin eru alls staðar. Órjúfanlegur hluti af lífinu. „Global hugsun“. Samábyrgð. Auka skilning, dýpt og samkennd og gera þau upplýst. Börn eiga að hafa rétt á tækifærum til að mynda sér sjálf skoðun á stóru málunum. Börn eiga rétt á að fjallað sé um stóru málin. Að kenna nemendum að þau eru þátttakendur í stóru málum samtímans, kenna þeim hvernig þeir taka upplýsta ákvörðun og þjálf þá í gagnrýnni hugsun. Útrýma fordómum. Heimurinn fer minnkandi. Undirbúa þau undir þátttöku í lýðræðissamfélagi.

- Auka skilning, dýpt og samkennd. Gera nemendur upplýsta. Upplýsingar vinna gegn fordómum. Bera virðingu fyrir mismunandi skoðunum.
- Virðing fyrir öllum. Hnatræn hugsun – „think globally, act locally“.
- Börn eiga rétt á þjálfun í að rökræða, afla upplýsinga og fá tækifæri til að mynda sér skoðanir. Nemendur eiga rétt á að fjalla um stóru málin.
- Nemendur verða að vera meðvitaðir um ástandið í heimum. Þurfa að læra að setja sig í spor annarra (samkennd). Gagnrýnin hugsun. Opna augu þeirra fyrir samtímanum. Það er í lagi að vera ósammála. Það sem gerist annars staðar í heiminum skiptir jafn miklu máli og það sem gerist heima. Jafningjasamtal. Það þarf að ræða umhverfisvernd og framtíð jarðarinnar.
- Horfa til framtíðar. Heimurinn og upplýsingar hafa aldrei verið eins nálægt.
- Því allur heimurinn skiptir okkur máli. Heit málefni.



## Hvar?

**Alltaf. Alls staðar. Grípa tækifærið. Í öllu skólastarfi. Í hugarheimi nemenda, í samkennd og samvinnu. Þvert á námsgreinar og í samstarfi við heimilin og fagmennina. Í skólanum, á öllum skólastigum í öllum greinum. Stóru málin eiga heima í öllum tímum, ekki bara í umsjón, samfélagsfræði og á þemadögum. Heima og í skóla, í öllum námsgreinum og frístundum. Í nærumhverfinu. Samfélagsleg ábyrgð. Skóli. Heimili. Á öllum skólastigum. Í öllum kennslustundum. Skólaþing. Samþætting.**


- Stóru málin eiga heima í öllum tímum, ekki bara í umsjón, samfélagsfræði og þemadögum.
- Í skólanum, á öllum skólastigum, í öllum greinum.
- Umræður heima. Í skólastofunni, í öllum námsgreinum. Samþætting. Á heimilinu.
- Leggja niður girðingar á milli námsgreina. Finna tíma og gefa stóru málunum meiri tíma. Hægt að byrja strax.
- Í skólanum. Á öllum skólastigum. Skólaþing. Samþætting námsgreina. –
- Samskipti og samtal heimilis og skóla.



## Hvernig?

**Bæta umræðuhefðina. Valdefling nemenda. Auka dýpt í umfjöllum/umræðum. Með fjölbreyttum aðferðum og skapandi hugsun. Þar sem þau leita lausna á vanda og viðfangsefnum á gagnrýninn hátt. Með fjölbreyttum aðferðum, að kennarar verði óhræddir við að fara út fyrir rammann/áætlanir, vera sveigjanlegir, nýta tækni og grípa málefni líðandi stundar. Með því að mennta hug, hönd og hjarta með fjölbreyttum og með virkum kennsluaðferðum. Með valdeflingu nemenda. Efla nemendur í að nálgast viðfangsefnin á skapandi hátt. Í gegnum tilfinningar, samskipti, samhygð. Í gegnum fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsefni með sveigjanleika. Með því að vekja áhuga nemenda á málefnum líðandi stundar með fjölbreyttum aðferðum. Samræða. Umræða. Samtal. Sex hattar. Nýta málefni líðandi stundar.**

- Efla samræður og rökræður í skólastofunni. Kennslubækur eiga að vera stuðningur. Út með kennsluáætlanir. Nýta KrakkaRUV.
- Með því að vekja áhuga nemenda á málefnum líðandi stundar. Nýta tæknina til að færa stóru málefni nær þeim. Reyna á eigin skinni (t.d. vatnsverkefni/bera vatn).
- Skapa umræðuhefð, valdefling nemenda. Börnin uppgötva sjálf, vera þátttakendur. Láta ekki námsbækur vera námskrá. Nýta sér málefni líðandi stundar. Kafa dýpra í málin í stað þess að skauta yfir þau. Tengja við sjálfan sig til þess að geta tengt við líðan annarra. Setja sig í spor með því að upplifa. Velja kennsluaðferðir sem henta.
- Læra í gegnum tilfinningar. Lesa í hópinn og einstaklingana. Nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir og fjölbreytt námsefni. Kenna þeim að setja sig í spor annarra og auka sjálfsþekkingu – efla tilfinningagreind.
- Mikilvægt að ná dýptinni. Nota tæknina og minnka bókanotkun. Kennarinn verkefnastjóri en nemandinn er kennari. Hægt að tala t.d. um umgengni um auðlindir við yngstu börnin og þau svo kennt foreldrum sínum. Finna meðalveginn á milli þess að læra á hefðina og bregðast við samtímavanda.
- Með fjölbreyttum leiðum, t.d. samræðum, þemaverkefnum, á skólaþingi, í jafningjasamtölum, í samstarfi við mannréttinda- og hjálparsamtök/umhverfisvernd, með því að virkja frumkvæði og hugmyndaflug nemenda, nýta tækni, eiga samstarf við heimilin, minnka matarsóun, vistspor og nota fjölmiðla.
- Innlifunaræfingar.
- Samkennd – að setja sig í spor, fara í spor. Leggja vopnin í þeirra hendur, samanber t.d. í Skrekk. Skilningur – dýpt – tjáning.
- Að mennta hug, hönd og hjarta. Hugarflug með leiðsögn. Þjálfar nemendur í að leita lausna í sameiningu. Umræður – rökræðuhefð. Gagnrýni – samræðuhefð. Setja sig í spor annarra. Innlifunaraðferðir. Samhygð. Kennsluaðferðir leiklistar. Sambætta námsgreinar. Skapandi kennsluaðferðir. Aðgerðir nemenda. Neysluhyggja. Samkennd. Spurningatækni. Gagnrýnin hugsun. VÁ. Ég – hinir. Valdefla nemendur. Vera vakandi fyrir hugmyndum nemenda. Kennari á að kenna nemandanum að vera klár.



## Óflokkað

- Kennarar hræddir um að vera sakaðir um hlutdrægni.
- Samræmd próf of stýrandi.
- Nýta fjölmeninguna.
- Friðhelgi kennarans – hræðsla (foreldra eða kennara)
- Kennari á að kenna nemandanum að vera klár.
- Fögnum fjölbreytileikanum – líka í nemendahópnum.
- Kennarinn á að hafa frelsi til að skapa námskrána frekar en að hún sé sköpuð fyrir hann.
- Hlutleysi? Sveigjanleiki.
- Lokum við á skoðanir, spurningar, vangaveltur barna?
- Það þarf þekkingu til að læra af sögunni.